

**Ed. 368. Frumvarp til höfundalaga. [211. mál]**

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

**I. KAFLI**

**Réttindi höfunda o. fl.**

**1. gr.**

Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

**2. gr.**

Það er eintakagerð, þegar bókmenntaverk eða listaverk er tengt líkamlegum hlutum, einum eða fleiri, sem skilað geta verkinu til vitundar manna.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með rétttri heimild og í álitssverðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

Verk telst birt, þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. málsg.

Það telst sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

Þegar rétt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

**3. gr.**

Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

**4. gr.**

Skýlt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

Oheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

**5. gr.**

Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennta eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfundarétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að frumverkinu.

Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

**6. gr.**

Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

**7. gr.**

Nú eru tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki, og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk, og eiga þeir þá saman höfundarétt að verkinu.

**8. gr.**

Höfundur verks telst sá, unz annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti eða lýstur er höfundur, þegar verk er birt. Gildir þetta einnig um höfunda, sem nota gervinöfn eða merki, þegar almennt er vitað, hver þar felst að baki. Framangreindum ákvæðum skal einnig beita um framleiðanda kvikmyndverks.

Nú er verk gefið út, án þess að höfundar þess sé getið samkvæmt 1. málsg., og kemur útgefandi þá fram fyrir hönd hans, unz nafn hans er birt á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra.

**9. gr.**

Lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómur og önnur áþekkt gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, njóta ekki verndar eftir lögum þessum.

**10. gr.**

Mynstur njóta verndar sem nytjalist, enda fullnægi þau skilyrðum um notagildi og listræn einkenni.

## **II. KAFLI**

### **Takmarkanir á höfundarétti.**

**11. gr.**

Heimilt er að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu. Enginn má þó gera eða láta gera fleiri en þrjú slík eintök til notkunar í atvinnu sinni.

Ákvæði 1. málsg. veita ekki rétt til mannvirkjagerðar eftir verki, sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist, og ekki heldur til eftirgerðar á verkum, sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist.

**12. gr.**

Ákveða má í reglugerð, að tilgreindum opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum sé heimilt að ljósmynda verk til sjálfs sín nota. Greina skal skilyrði fyrir heimildinni, þar á meðal um umráð eintakanna og varðveislu. Ekki má lána þau né afhenda út fyrir stofnunina.

#### 13. gr.

Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

Heimilt er án samþykkis höfundar að breyta munum, sem verndar njóta eftir reglum um nytjalist.

#### 14. gr.

Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. málsg. 1. gr.

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

#### 15. gr.

Dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál má taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Ekki nær heimild þessi til sérstakra fylgiritra.

Heimilt er að birta í blöðum eða tímaritum myndir eða teikningar af birtum listaverkum í sambandi við frásögn af dægurviðburðum. Þetta nær þó ekki til verka, sem gerð eru í þeim tilgangi að birta þau í blöðum eða tímaritum.

Þegar flutningur eða sýning verks er þáttur í dægurviðburði, sem kynntur er almenningi í útvarpi eða kvikmynd, er heimilt að láta einstaka þætti úr verkinu fylgja með í sýningu viðburðarins eða frásögn af honum.

#### 16. gr.

Heimilt er að taka og birta myndir af listaverkum, sem staðsett hafa verið varanlega utanhúss á almannafæri. Nú er slíkt listaverk aðalatriði myndar, sem hagnýtt er í atvinnuskyni eða ávinnings, og á höfundur þá rétt til þóknunar, nema um blaðamyndir sé að ræða.

Heimilt er að taka og birta myndir af byggingum, þó að þær njóti að öðru leyti verndar eftir reglum um byggingarlist.

#### 17. gr.

Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðspjónustu eða skólakennslu:

1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafia úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.
2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. málsg. 1. gr., í tengslum við meginmál samkvæmt 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

Verk, sem samin hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

#### 18. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla upp-töku birtra verka á hljóðrit til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Ekki má nota hljóðritin í öðru skyni.

Ákvæði 1. málsg. veitir ekki rétt til beinnar upptöku eftir hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem framleidd eru til markaðssölu.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um notkun og varðveislu umræddra bráðabirgðahljóðrita.

#### 19. gr.

Heimilt er að prenta og gefa út með blindraletri bókmenntaverk og tónverk, sem út hafa verið gefin. Einnig má ljósmynda þau til notkunar í heyrnar- og málleysingjaskólum.

#### 20. gr.

Þegar lög eru sungin opinberlega á hljómlaikum, er heimilt að nota sem texta einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum, sem út hafa verið gefin. Má þá einnig prenta textann á söngskrá án nótta til afnota fyrir áheyrendur.

Höfundur á rétt til þóknunar fyrir afnot samkvæmt þessari grein.

#### 21. gr.

Opinber flutningur bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk, er heimill, eins og hér segir:

1. Við fræðslustarfsemi. Höfundi ber þóknun, ef greitt er sérstaklega fyrir flutninginn.
2. Á samkomum, sem stofnað er til í góðgerðaskyni, til almenns mannfagnaðar, til kynningar á menntum og menningu eða til styrktar málefnum, sem að öðru leyti miða að almannaheill, enda komi ekki þóknun fyrir flutninginn.
3. Á mannfundum, sem ekki er stofnað til í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á samkomum skóla eða félaga og við önnur svipuð tækifæri, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum kostnaði. Danslög má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki.
4. Við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Höfundur á rétt til þóknunar samkvæmt þessum tölulíð eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

#### 22. gr.

Heimil er prentun, upptaka á hljóðrit og önnur eintakagerð og birting á umræðum, sem fram fara í heyranda hljóði á opinberum fulltrúasamkomum, og á gögnum, sem þar eru lögð fram opinberlega og starfsemi þeirra varða. Sama gildir um dómþing, sem háð eru fyrir opnum dýrum, nema dómstóll leggi hann við birtingu tiltekinna gagna.

Ákvæði 1. málsg. ná einnig til umræðna um málefni, sem varða almenna hagsmuni, og fram fara á samkomum, sem almenningur á aðgang að, eða í útvarpi.

Höfundur hefur einkarétt til að gefa út safn af sjálfs sín framlagi til umræðna, sem getur í 1. og 2. málsg., og af gögnum, sem hann hefur lagt þar fram.

#### 23. gr.

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild eða umboð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra og menntamálaráðherra sett reglur um það efni, og skal þá heimilt án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni að flytja í útvarpi áður útgefin einstök kvæði, smásögur og ritgerðir eða kafla úr stærri verkum og einstök lög og tónverk, ef smá eru, og kafla úr stærri tónverkum, enda sé fullnægt skilyrðum um greiðslu til höfundar. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar sem áskilinn er í hinum almennu reglum, en hvorki meiri né minni. Framangreindar reglur um afnotakvöð gilda ekki um leiksviðsverk og ekki heldur um önnur verk, er höfundur hefur lagt hann við flutningi þeirra í útvarpi.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki, er henni frjálts upptaka þess á hljóðrit eða filmur til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun og varðveislu slíkrar upptöku, þar á meðal um rétt til endurtekens útvarps og þóknun fyrir það. Einnig má setja þar reglur um aukaþóknun til höfundar, ef útvarpsstofnun heimilar öðrum útvarpsstofnunum endurvarp. Reglur þær, sem hér var getið, skulu þó ekki koma til framkvæmdar, ef tíðkamt hefur, að um það málefni sé gerður samningur milli útvarpsstofnana og stéttarsambands höfunda.

#### 24. gr.

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán tónverka á nótum til almennings er þó óheimil án samþykkis höfundar.

#### 25. gr.

Nú hefur eintak af myndlistaverki verið afhent til eignar, og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á listasöfnum sé, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök, sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Heimilt er eiganda myndlistaverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár.

Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnmunaskrá.

Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir þöndun, og er höfundi þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

#### 26. gr.

Ákvæði kafla þessa, að undanskilinni 13. gr., raska ekki rétti höfundar eftir 4. gr.

Þegar verk er birt almenningi samkvæmt þessum kafla, skal auk nafns höfundar geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem ástæður leyfa.

Þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla, má ekki án samþykkis höfundar gera breytingar á verkinu fram yfir það, sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.

### III. KAFLI

#### Um aðiljaskipti að höfundarétti.

##### Almenn ákvæði.

#### 27. gr.

Framsal höfundaréttar að nokkru leyti eða öllu er heimilt með þeirri takmörkun, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

Nú er eintak af verki afhent til eignar, og felst þá ekki í þeim gerningi framsal á höfundarétti að verkinu, nema þess sé getið sérstaklega.

#### 28. gr.

Framsal höfundaréttar að verki veitir framsalshafa ekki rétt til að gera breytingar á því, nema svo hafi verið um samið.

Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efdum skuldbindinga sinna við höfund.

#### 29. gr.

Gerning um framsal höfundaréttar má meta ógildan í heild eða í einstökum atriðum, ef hann mundi leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir, ef ákvæði í framsalsgerningi brýtur mjög í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum.

#### 30. gr.

Nú er höfundur í hjúskap, og skal höfundaréttur þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála eða með öðrum hætti, þar á meðal ekki við slit á fjárfélagi né við búskipti, meðan höfundur lifir. Tekjur af höfundarétti og endurgjald fyrir framsal hans verða hjúskapareign, nema ákveðið sé á annan veg í kaupmála. Að höfundi látnum telst höfundaréttur til hjúskapareignar hans, nema kaupmáli hjóna standi til annars, sbr. og 2. málsg. 31. gr.

Skuldheimtumenn geta ekki leitað fullnustu í höfundarétti, hvorki hjá höfundi sjálfum né neinum þeim, sem hlotið hafa réttinn að arfi eða fyrir hjúskap. Nú hefur aðili eignast höfundarétt með framsali, og má þá aðeins leita fullnustu hjá honum í þeim rétti, sem honum er heimilt að framselja, sbr. 2. málsg. 28. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsg. gilda einnig um eintök listaverka, sem höfundur hefur ekki haft til sýnis almenningsi, boðið opinberlega til sölu eða viðurkennt með öðrum hætti, að birta megi opinberlega, svo og um handrit.

#### 31. gr.

Nú deyr höfundur, og fer þá um höfundarétt eftir ákvæðum erfðalaga, sbr. og 30. gr.

Höfundur getur með ákvæði í erfðaskrá gert ráðstafanir um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum og meðal annars falið sérstökum tilsjónaraðilja að annast hana. Skulu slík ákvæði hafa gildi gagnvart öllum erfingjum, þar á meðal skylduerfingjum, og einnig að því er varðar búshluta maka.

Fyrirmæli 2. málsg. taka einnig til slíkra eintaka af verkum, sem getið er í 3. málsg. 30. gr.

#### Flutningsréttur.

#### 32. gr.

Þegar höfundur hefur veitt heimild til opinbers listflutnings á verki, fylgir henni ekki einkaréttur til flutnings, nema svo hafi verið um samið.

Ef heimildin er veitt um óákveðinn tíma, hvort sem í henni felst einkaréttur eða ekki, skal talið, að hún gildi ekki lengur en 3 ár.

Nú hefur einkaréttur til flutnings verið veittur um tiltekinn tíma, lengur en 3 ár, og skal höfundi þó heimilt að flytja verkið sjálfur eða leyfa öðrum flutning þess, ef umrædds einkaréttar hefur ekki verið neytt í 3 ár samfleytt, enda hafi ekki verið á annan veg samið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kvikmyndagerðar.

#### Útgáfusamningar.

#### 33. gr.

Það er útgáfusamningur, er höfundur veitir tilteknum aðilja (útgefanda) rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki eða listaverki og gefa þau út.

Útgáfusamningur veitir útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirgerðar, nema svo sé um samið sérstaklega.

34. gr.

Útgefandi hefur, ef ekki er á annan veg samið, rétt til að gefa út upplag, er nemi 2000 eintökum af bókmenntaverki, 1000 eintökum af tónverki og 200 eintökum af myndlistarverki.

Með orðinu upplag er átt við þann eintakafjölda, sem út er gefinn í einu lagi.

35. gr.

Skyllt er útgefanda að gefa verkið út innan hæfilegs tíma og stuðla að dreifingu þess, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

36. gr.

Nú hefur bókmenntaverk eða myndlistarverk ekki verið gefið út innan 2 ára eða tónverk innan 4 ára frá því, að útgefandi fékk í hendur fullgert handrit eða annað eintak, sem nota skal til eftirgerðar, og er höfundi þá, ef ekki hefur verið samið um lengri frest til útgáfu, heimilt að rifta útgáfusamningi, enda þótt skilyrði til riftunar eftir almennum réttarreglum séu ekki fyrir hendi. Sama gildir, ef upplag hefur selzt upp og útgefandi, sem fengið hefur rétt til nýrrar útgáfu, hefur ekki gefið verkið út að nýju innan árs frá því, að höfundur krafðist þess.

Þegar útgáfusamningi er riftað samkvæmt 1. málsg., er höfundi ekki skylt að skila aftur greiðslu, sem hann hefur þegar fengið. En hafi hann beðið tjón vegna saknæmra vanefnda útgefanda, sem ekki er bætt að fullu með þeirri greiðslu, á hann rétt til frekari bóta.

37. gr.

Skyllt er útgefanda að láta höfundi í té skriflega yfirlýsingu prentsmiðju eða annars aðilja, sem framkvæmir eintakagerð, um eintakafjölda þann, sem gerður hefur verið.

Nú á höfundur rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka á reikningsári, og ber útgefanda þá að senda honum innan 9 mánaða frá lokum reikningsárs skilagrein um sölu eða leigu á reikningsárinu og um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs.

Þó að höfundur eigi ekki að fá þóknun, eins og getið er í 2. málsg., á hann samt rétt til að fá skilagrein um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs, þegar 9 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma.

Höfundur getur ekki með samningi fallið frá rétti þeim, sem honum er áskilinn með þessari grein.

38. gr.

Ef hafizt er handa um útgáfu á nýju upplagi, þegar meira en ár er liðið frá útkomu hins fyrra, ber útgefanda að gefa höfundi kost á að gera breytingar, enda hafi þær ekki í för með sér verulegan kostnað né breyti heildarsvip verksins.

39. gr.

Ef ekki er á annan veg samið, fær útgefandi einkarétt til að gefa verkið út með þeim hætti og í því formi, sem útgáfusamningur greinir. Nú hefur útgefandi fengið einkarétt, og er höfundi þá ekki heimilt að gefa verkið út með greindum hætti né leyfa öðrum að gera það, fyrr en uppselt er upplag það eða upplög, sem útgáfusamningur tekur til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. hefur höfundur rétt til að gefa bókmenntaverk

út sem hluta af heildarútgáfu verka sinna eða úrvals úr þeim, þegar liðin eru 15 ár frá næstu áramótum, eftir að útgáfusamningur var gerður. Höfundur getur með samningi fallið frá þessum rétti sínum.

#### 40. gr.

Útgefendur blaða og tímarita hafa einkarétt til að endurprenta rit þessi bæði í heild og einstök blöð eða hefti.

Ekki raskar réttur útgefenda höfundarétti að einstökum ritgerðum, myndum eða öðrum verkum, sem í blöðum eða tímaritum birtast. Þó þarf ekki að leita samþykkis höfunda til þeirrar endurprentunar, sem í 1. málsg. getur, nema svo hafi verið um samið.

Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga taka ekki til blaða og tímarita frammar en segir í 1. og 2. málsg.

Ákvæði 35. og 36. gr. gilda ekki um framlög til safnverka.

### Samningar um kvikmyndagerð.

#### 41. gr.

Nú hefur höfundur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, og getur hann þá ekki, nema sérstakur áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað eintaka-gerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu til almennings um þráð eða þráðlaust né aðra notkun verksins.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til tónverka, kvikmyndahandrita né samtalstexta, sem gerð hafa verið til notkunar í kvikmynd, og ekki heldur til framlags aðalleikstjóra.

#### 42. gr.

Nú hefur aðili fengið með samningi rétt til að nota bókmenntaverk eða tónverk við gerð kvikmyndar, sem ætluð er almenningi til sýnis, og skal hann þá, ef ekki er á annan veg samið, ljúka gerð kvikmyndarinnar innan hæfilegs tíma og annast um, að hún verði sýnd, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

Nú er gerð kvikmyndar ekki lokið innan 5 ára frá því, að höfundur fullnægði samningsskyldum sínum, og er höfundi þá heimilt, ef ekki hefur verið samið um lengri frest, að rifta samningnum, enda þótt riftunarskilyrði eftir almennum reglum séu ekki fyrir hendi. Ákvæði 2. málsg. 36. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

## IV. KAFLI

### Gildistími höfundaréttar.

#### 43. gr.

Höfundaréttur helzt, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða, sem ákvæði 7. gr. taka til, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar, sem lengst lifir.

#### 44. gr.

Þegar verk hefur verið birt, án þess að höfundur sé nafngreindur, sbr. 2. málsg. 8. gr., helzt höfundaréttur að verkinu, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir fyrstu birtingu þess. Nú er slíkt verk gefið út í deildum, sem mynda þó eina heild eftir efni sínu, og telst greint 50 ára tímabil þá frá næstu áramótum eftir birtingu síðustu deildarinnar.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti, sem segir í 2. málsg. 8. gr., áður en framangreint 50 ára tímabil er liðið, eða leitt er í ljós, að höfundur var látinn, er verkið birtist, skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

## V. KAFLI

### Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

#### 45. gr.

- Óheimilar eru án samþykkis listflytjanda þær aðgerðir, sem hér eru taldar:
1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur, sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi, og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
  2. Útvarp á beinum listflutningi.
  3. Dreifing beins listflutnings með tækniáðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða, sem almenningur á aðgang að.
  4. Eftirgerð á upptöku listflutnings, sem framkvæmd hefur verið með samþykki listflytjanda. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulíð helzt í 25 ár frá næstu áramótum, eftir að upptaka fór fram.

Um upptöku, dreifingu og eftirgerð listflutnings, sem um getur í 1. málsg. skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði 4. gr., 1. málsg. 11. gr., 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. málsg. 23. gr., 26.—31. gr. og 53. gr.

#### 46. gr.

Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum án samþykkis framleiðanda, unz líðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að frumupptaka var framkvæmd.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsg. 11. gr., 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr., 18. gr. og 2. málsg. 23. gr.

#### 47. gr.

Nú er hljóðrit notað á því tímabili, sem í 46. gr. getur, 1) til flutnings í útvarpi eða 2) til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings í atvinnuskyni eða ávinnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber notanda þá að greiða framleiðanda þess og listflytjendum þóknun í einu lagi.

Setja má í reglugerð fyrirmæli um þessi efni, þar á meðal um fyrirsvar af hálfu listflytjenda, ef þeir standa fleiri saman að hinum sama listflutningi, hvernig viðtöku þóknunar skuli háttáð og skiptingu hennar milli framleiðenda og listflytjenda. Þessar reglur koma þó ekki til framkvæmdar, ef sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, hafa gert heildarsamning við notanda eða notendur eða sérsamningar eru fyrir hendi í einstökum tilvikum.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr. og 21. gr. Sama er um ákvæði 27.—31. gr., að því er til listflytjenda tekur.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um hljómkvikmyndir.

#### 48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar.
2. Upptaka til endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar. Réttur útvarpsstofnunar samkvæmt þessum tölulíð helzt, unz líðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að útvarp fór fram.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsg. 11. gr., 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. málsg. 23. gr.

49. gr.

Eftirgerð ljósmynda, sem ekki njóta verndar laga þessara sem listaverk, sbr. 2. málsg. 1. gr., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari réttthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmynda samkvæmt þessari grein skal haldast, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. málsg. getur, eftir því sem við á.

50. gr.

Nú taka reglur um höfundarétt ekki til rits, sem út hefur verið gefið, og er þá eftirprentun eða önnur eftirgerð óheimil, unz liðin eru 10 ár frá næstu áramótum, eftir að það var gefið út.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

51. gr.

Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villzt verði á verkunum eða höfundum þeirra.

52. gr.

Engum er heimilt án samþykkis höfundar að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á listaverk.

Óheimilt er bæði höfundi og öðrum að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á eintak, sem gert hefur verið eftir listaverki, ef hætta er á, að villzt verði á eftirgerðinni og frumverkinu.

53. gr.

Ákvæði 2. málsg. 4. gr. skulu gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem ekki eru háð höfundarétti.

Mál út af brotum gegn 1. málsg. skal aðeins höfða eftir kröfu menntamálaráðherra, enda telji hann þess þörf vegna tillits til almennrar menningarverndar.

## VII. KAFLI

### Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o. fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Sektum eða varðhaldi, allt að 3 mánuðum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.
2. Brot á 1. og 2. málsg. 4. gr., 2. og 3. málsg. 26. gr., 1. málsg. 28. gr., 1. málsg. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. málsg. 31. gr.
3. Brot á 1. málsg. 45. gr. og 2. málsg. sömu gr., sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. málsg. 28. gr. og fyrirmæli, sem getur í 2. málsg. 31. gr.
4. Brot á 1. málsg. 46. gr., 1. málsg. 48. gr., 1. málsg. 49. gr., 1. málsg. 50. gr., 51. gr. og 52. gr.
5. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

55. gr.

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fari við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt 2. málsg. 31. gr., og má þá ákveða í dómi, að eintökin séu án endurgjalds upptæk til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Sama gildir um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir.

Ákveða má, að í stað upptöku til afhendingar samkvæmt 1. málsg. séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Ákvæðum 1. og 2. málsg. verður ekki beitt gagnvart aðiljum, sem hafa eignast í grandleysi eintak eða eintök til einkanota.

Ákvæði um upptöku og ónýtingu taka ekki til bygginga.

56. gr.

Þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

Dæma má höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi.

Heimilt er að dæma þeim, sem misgert er við, bætur úr hendi þess, sem réttaröskun olli, þó að hann hafi gert það í grandleysi, en ekki mega bæturnar nema hærri fjárhæð en ávinningi hans af brotinu.

57. gr.

Þegar afnot verndaðs verks eru heimil samkvæmt lögum þessum með því skilyrði, að höfundi sé greidd þóknun, svo og þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt 47. gr., skal hún fara eftir heildarsamningi, ef til er, milli stéttarfélags viðkomandi rétthafa annars vegar og greiðanda eða stéttarfélags hans hins vegar.

Nú eru skilyrði til ákvörðunar þóknunar samkvæmt 1. málsg. ekki fyrir hendi, og geta aðilar þá, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð gerðardóms, sem skipaður skal 3 mönnum, nefndum af Hæstarétti til 5 ára í senn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um þetta, þar á meðal um þóknun úr ríkissjóði til gerðardómsmanna.

58. gr.

Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmálefni skal vera höfundaréttarnefnd, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Samkvæmt tilnefningu aðila þeirra, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytis um aðild að flutningsrétti, skal skipa í nefndina einn fulltrúa fyrir hvern aðila. Einn nefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins. Auk þess skipar ráðherra einn eða fleiri nefndarmenn án tilnefningar. Ráðherra setur nánari reglur um nefndina og störf hennar.

59. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá höfðað, sem misgert er við.

Nú er höfundur látinn, og getur þá tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir 2. málsg. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsg. 4. gr., 2. og 3. málsg. 26. gr.,

1. málsgr. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsgr. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsgr. 45. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 53. gr. sæta opinberri saksókn eftir kröfu menntamálaráðherra.

## VIII. KAFLI Gildissvið laganna.

60. gr.

Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:

1. Verka íslenzkra ríkisborgara.
2. Verka erlendra ríkisborgara, sem eiga heimilisfang hér á landi.
3. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.
4. Verka, sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, sbr. og 2. málsgr. 2. gr.
5. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.
6. Verka, sem notuð eru eða koma fram í kvikmynd, ef atvinnufyrirtæki framleiðanda hennar hefur aðalstöðvar sínar hér á landi eða framleiðandinn sjálfur á hér fast aðsetur.
7. Verka, er verndar skulu njóta hér á landi samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland á aðild að.

Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. og 51.—53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

61. gr.

- A. Ákvæði 45. gr. taka til:
1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.
  2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna, sem hér segir:
    - a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
    - b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. C-liðs, hér á eftir.
    - c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun, sem verndar nýtur eftir ákvæðum í D-lið hér á eftir.
- B. Ákvæði 46. gr. taka til hljóðrita, hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd.
- C. Ákvæði 47. gr. taka til:
1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.
  2. Hljóðrita, sem fullnægja einhverju eftirgreindra skilyrða, svo og listflutnings þess, sem þau hafa að geyma:
    - a. Ef framleiðandi hljóðrits er íslenzkur ríkisborgari eða fyrirtæki, sem hefur aðsetur hér á landi.
    - b. Ef frumupptaka á hljóðrit hefur farið fram hér á landi.
    - c. Ef fyrsta útgáfa hljóðrits hefur farið fram hér á landi, sbr. og 2. málsgr. 2. gr.
- D. Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana, ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði, sem hér segir:
1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.
  2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

62. gr.

Ákvæði 1.—4. tölul. 1. málsgr. 60. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um ljósmyndir og rit, sem getur í 49. og 50. gr.

### 63. gr.

Akvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafa orðið fyrir gildistöku laganna.

Ákveða má í reglugerð, að fyrirmæli 1. málsgr. gildi einnig um listflutning, hljóðrit og útvarp, sbr. V. kafla laga þessara.

### 64. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmdar, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Tilsk. 11. des. 1869, um eftirmyndun ljósmynda o. fl.

Augl. 10. febr. 1870, um tilkynningu um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir.

Lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

Lög nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

Lög nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

Lög nr. 74 5. júní 1947, um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, 2. gr.

Lög nr. 11 2. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

Loks eru öll önnur eldri lagafrumvarp úr gildi felld, er brjóta í bága við lög þessi.

### 65. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til höfundalaga var lagt fyrir Alþingi 1962—1963, en hlaut ekki afgreiðslu. Fylgdu þá frv. ýtarlegar athugasemdir, sem hér verður almennt vísað til. Í athugasemdunum segir m. a.:

„Við samningu frv. þessa hafa í öllum aðalatriðum verið lögð til grundvallar hin nýju, norrænu höfundalög frá 1960—1961. Með því er fylgt þeirri stefnu, að Ísland sé þátttakandi að samræmingu norrænnar löggjafar, þar sem því verður vel við komið. En ekki er síður á það að líta, að Norðurlandalögin höfðu fengið ágætan undirbúning og að þar er fylgt nýjustu fræðikenningum á sviði höfundaréttar. Í nokkrum atriðum vikur frv. þetta þó frá norrænu lögunum, enda eru þau ekki heldur að öllu leyti samhljóða sín á milli. Á þetta einkum við um skipun efnisins og niðurröðun, en aðeins að litlu leyti um efnisatriðin sjálf. Auk hinna norrænu laga hefur aðallega verið höfð hliðsjón af frönskum höfundalögum frá 11. marz 1957 og frumvarpi til höfundalaga Sambandslýðveldisins Þýskalands frá 23. marz 1962. Loks hefur þess verið gætt sérstaklega að haga ákvæðum frumvarpsins þannig, að þau fullnægðu kröfum Bernarsáttmálans, Genfarsáttmálans og hins nýja Rómarsáttmála um vernd listflytjenda o. fl.“

Hin norrænu höfundalög, sem hér var vitnað til, eru enn í gildi. Frumvarp Sambandslýðveldisins Þýskalands varð að lögum hinn 9. sept. 1965. Um breytingar, sem orðið hafa á erlendum og alþjóðlegum höfundarétti eftir samningu frv. frá 1962 skiptir mestu máli, að Bernarsáttmálinn var tekinn til endurskoðunar á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í Stokkhólmi árið 1967. Á ráðstefnunni var hinn 14. júlí 1967 samþykkt ný gerð sáttmálans, sem hér verður nefnd Stokkhólmsgerð hans. Þá hefur og að sjálfsögðu á þeim 7—8 árum, sem liðin eru síðan umrætt frv. var samið, margt verið ritað um ýmsar greinar höfundaréttar, aðallega í erlend tmarit.

Á yfirstandandi ári fól menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, þeim Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Sigurði Reyni Péturssyni, hæstaréttarlögmanni, og dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, að taka frv. frá 1962 til endurskoðunar og gera á því þær breytingar, sem hæfa þættu, m. a. með til-

liti til Stokkhólmsgerðar Bernarsáttmálans. Hafa þeir orðið sammála um allmargar breytingar á frv., sem felldar hafa verið inn í texta þess. Er frv. nú flutt að nýju í því formi. Verður hér á eftir gerð grein fyrir breytingunum.

1. Í 2. gr. er bætt nýrri málsg., sem verður 4. málsg., um dreifingu útvarpsflutnings til almennings. Er það gert til að taka af tvímæli um, að það skuli talin sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

2. Við 1. málsg. 8. gr. er bætt nýjum málslið um, að ákvæðum 1. málsg. skuli einnig beita um framleiðanda kvikmyndaverks. Er þetta gert til samræmingar við 2. tölulið 15. gr. Stokkhólmsgerðar Bernarsáttmálans.

3. Breytt er ákvæðum 11. gr. Er réttur höfunda aukinn, með því að þrengd er heimild manna til að gera eintök af birtu verki til notkunar í atvinnu sinni. Einnig er fullkomið bann lagt við eftirgerð á verkum, sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist, en samkvæmt frv. frá 1962 náði slíkt bann aðeins til mannvirkjagerðar.

4. Nýtt orðalag á 1. málsg. 14. gr. er gert til að greina skýrar á milli, hvaða vernduð verk falla undir 1. málsg. annars vegar og 2. málsg. hins vegar.

5. Við 1. tölulið 21. gr. (um fræðslustarfsemi) er bætt: „Höfundi ber þóknun, ef greitt er sérstaklega fyrir flutninginn“. Aftur á móti ber höfundum ekki þóknun, ef ekki kemur sérstök greiðsla fyrir kynninguna, svo sem þegar kennari annast hana, útvarpstónlist er dreift í skólum eða hljómplötur eru þar leiknar.

6. Sú breyting er gerð á 23. gr., að heimild til að útvarpa efni án samþykkis höfunda, en gegn greiðslu til þeirra (afnotakvöð), er ekki tengd Ríkisútvarpinu einu, heldur látin ná til útvarpsstofnana almennt. Af því mundi leiða, að útvarpsstöð varnarliðsins á Keflavíkurlugvelli fengi afnotaheimildina, en yrði jafnframt skylt að greiða höfundum þóknun með sama hætti og Ríkisútvarpinu. Einnig er breytt lítils háttar ákvæðum 2. málsg. um setningu reglna, sem lúta að upptöku útvarpsstofnana á vernduðum verkum til sjálfs sín nota.

7. Á 24. gr. er gerð sú breyting, að lán tónverka á nótum til almennings er gert óheimilt án samþykkis höfundar með sama hætti og útleiga gegn greiðslu.

8. Í 25. gr. er á tveimur stöðum sett orðið myndlistaverk fyrir listaverk. Er það gert í því skyni að koma í veg fyrir, að greinin yrði túlkuð svo, að hún næði til leiksviðsverka, sem falla undir ákvæði 24. gr.

9. Breytt er orðalagi og efni 41. gr. til samræmis við ákvæði um kvikmyndaverk í 2. tölulið b 14. gr. bis og 3. tölulið sömu greinar í Stokkhólmsgerð Bernarsáttmálans.

10. Á eftir 56. gr. er bætt við nýrri grein, sem verður 57. gr.

Þegar heimiluð eru afnot lögverndaðra verka gegn þóknun til höfunda (afnotakvöð), án þess að leita þurfi samþykkis þeirra hverju sinni, sbr. 3. málsg. 14. gr. 1. málsg. 16. gr., 3. málsg. 17. gr., 2. málsg. 20. gr., 1. tölul. 21. gr., 23. gr. og 1. málsg. 49. gr. getur risið ágreiningur um greiðslufjárhæðir. Sama er um fjárhæð bóknunar til framleiðenda hljóðrita og listflytjenda samkvæmt 47. gr. Skal upphæð bóknunar há fara eftir ákvæðum stéttarsamnings, ef hann er fyrir hendi, en sé svo ekki, er aðilum veittur kostur á að leggja ágreiningsefnið undir fullnaðarúrskurð gerðardóms, ef þeir eru sammála um það. Þykir þetta heppilegt, þar sem oft mundi vera um smáar upphæðir að ræða, en tímafrekt og kostnaðarsamt að leita til almennra dómstóla. Eins og sjá má, er aðilum ekki skylt að láta málið ganga til gerðardóms. Hvor þeirra um sig á þess kost að leggja málið undir úrlausn almennra dómstóla, ef hann kys það heldur.

11. Bætt er við nýrri grein, sem verður 58. gr., og fjallar hún um sérstaka nefnd, er menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti geti leitað til við úrlausn málefna, sem varða höfundarétt. Þó að nefndin sé aðeins ráðgefandi, má ætla, að hún muni m. a. geta stuðlað að heppilegri úrlausn ágreiningsefna, sem upp kunna að koma.

12. Við 58. gr. frv. frá 1962, sem verður 60. gr., er bætt tveimur nýjum töluliðum til samræmingar við ákvæði í 3.—5. gr. Stokkhólmsgerðar Bernarsáttmálans.

13. Ákvæði 61. gr. frv. frá 1962 eru felld burtu úr frumvarpinu. Er þannig gert ráð fyrir, að alþjóðasáttmálar og milliríkjasamningar um höfundarétt og skyld réttindi, sem Ísland gerist aðili að, hljóti lagagildi eftir sérstakri lagaheimild hverju sinni.